

Samþykktir Öldungaráðs Suðurnesja

1. grein: Hlutverk, tilgangur og skipan

Öldungaráð Suðurnesja gætir hagsmuna eldri borgara á Suðurnesjum og er bæjarstjórnunum á Suðurnesjum til ráðgjafar um þau málefni. Ráðið skal vera ráðgefandi um framtíðarskipulag heibrigðismála svo sem öldrunarþjónustu, uppbyggingu hjúkrunarheimila, þjónustu- og öryggisíbúða á Suðurnesjum.

Ráðið vinni að samþættingu á þjónustu og áhersla er lögð á að efla andlega og líkamlega líðan eldri borgara m.a. með skilvirkri lækniþjónustu, heimahjúkrun, félagslegri heimaþjónustu, dagvistun, iðju- og sjúkráþjálfun sem hvetur til líkamsræktar og lífsleikni.

Ráðið skal hafa sem víðtækast samráð við samtök aldraðra á Suðurnesjum og aðra þá sem láta málefni þeirra til sín taka.

Skipað skal í öldungaráð að fengnum tilnefningum skv. 2. gr. Skipunartími fulltrúa bæjarfélaganna er kjörtímabil bæjarstjórnanna, skipunartími annarra fulltrúa er tvö ár.

2. grein: Tilnefning

Eftirtaldir aðilar tilnefna í Öldungaráð Suðurnesja:

- A. Stjórn Félags eldri borgara á Suðurnesjum tilnefnir 6 fulltrúa og 3 til vara.
- B. Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar tilnefna hvert um sig 2 fulltrúa og 1 til vara.
- C. Styrktarfélag Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja tilnefnir 1 fulltrúa og 1 til vara.

3. grein: Starfsfyrirkomulag

Í septembermánuði eftir sveitarstjórnarkosningar boðar formaður Félags eldri borgara á Suðurnesjum til aðalfundar Öldungaráðs, enda hafi félaginu þá borist tilnefningar í samræmi við ákvæði 2. gr.

Á aðalfundi fer fram kosning formans stjórnar og 6 meðstjórnenda. Stjórnin skiptir með sér verkum en fulltrúi Reykjanesbæjar verði formaður stjórnar annað hvort starfsár.

Öldungaráð og stjórn þess setja að öðru leyti reglur um starfshætti ráðs og stjórnar s.s. um fundarsköp, verkefni aðalfundar, verkefni stjórnar, tíðni og boðun funda og verkaskiptingu stjórnar og ráðs.

4. grein: Starfsaðstaða

Leitað verði til Sambands sveitarfélags á Suðurnesjum um aðstöðu fyrir fundi Öldungaráðs Suðurnesja og stjórnar Öldungaráðs.